

Ytra mat grunnskóla

# Barnaskóli Hjallastefnunnar Hafnarfirði

Apríl 2019

Ytra mat þetta er unnið á vegum Menntamálastofnunar fyrir  
mennta- og menningarmálaráðuneytið og Hafnarfjörð.

Höfundar: Sigríður Sigurðardóttir og Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir

© Menntamálastofnun, 2019.

ISBN 978-9979-0-2335-7

## Efnisyfirlit

Samantekt niðurstaðna .....	4
Stjórnun og fagleg forysta .....	4
Nám og kennsla .....	5
Innra mat .....	6
Skólaprófill.....	7
Upplýsingar um Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði.....	8
Niðurstöður .....	9
Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta .....	9
1.1 Samvirkni í stefnumótun .....	9
1.2 Faglegt samstarf og samræða .....	9
1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu .....	9
1.4 Umbætur og innleiðing breytinga .....	10
1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.....	10
1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting.....	10
1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna .....	11
Þáttur 2 – Nám og kennsla .....	12
2.1 Inntak og námskrá .....	12
2.2. Árangur náms .....	12
2.3 Gæði kennslu .....	13
2.4 Skipulag náms.....	14
2.5 Námsvitund .....	15
2.6 Ábyrgð og þátttaka .....	16
Þáttur 3 – Innra mat .....	18
3.1 Skipulag.....	18
3.2 Framkvæmd.....	18
3.3 Umbætur .....	18

## Samantekt niðurstaðna

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ytra mati á Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði sem fór fram á vorönn 2019. Teknir voru fyrir þrjú fyrirfram ákveðnir matsþættir, stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Ekki kom fram ósk frá skóla um fjórða matsþáttinn.

### Stjórnun og fagleg forysta

Styrkleikar:

- Stjórnendur stuðla að því að unnið sé eftir sýn og stefnu skólans.
- Stefna skólans er mjög sýnileg í starfsháttum og hún er rædd meðal allra starfsmanna.
- Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfinu.
- Stjórnendur leggja áherslu á það jákvæða í skólastarfinu í daglegu tali og fréttáflutningi.
- Ársskýrsla er unnin þar sem farið er yfir skólaárið.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum.
- Ígrundun og samræða um starfshætti fer fram reglulega á meðal starfsmanna.
- Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Stjórnendur sjá um að niðurstöður ytra mats varðandi framfarir nemenda séu skráðar og aðgengilegar viðeigandi aðilum og nýttar til að efla starf skólans.
- Samskipti við foreldra og foreldrafélag eru góð og gagnvirk.
- Reglulega er efnt til formlegra og óformlegra funda með foreldrum.
- Foreldrar í rýnihópi töldu sig vel upplýsta um skólastarfið.
- Reglulegar kannanir til foreldra og starfsmanna sýna jákvætt viðhorf til stjórnenda.
- Stjórnendur vinna vel saman og miðla upplýsingum sína á milli.
- Starfsþróunarviðtöl eru einu sinni á ári og í rýnihópum kom fram að starfsmenn fá hrós þegar við á.
- Stjórnendur eru vakandi um samskipti og hafa frumkvæði að lausn ágreiningsmála.
- Kennslu er skipað niður eins og hægt er með tilliti til menntunar og sérhæfingar kennara og horft er til styrkleika hvers og eins varðandi ábyrgð á verkefnum.
- Mannauður er vel nýttur og leiðtogar innan skólans leiða og bera ábyrgð á verkefnum sem snúa að skólastarfinu.
- Starfsmenn í rýnihópum upplifa að þeim sé treyst fyrir verkefnum.
- Stjórnendur eiga kost áandleiðslu hjá markþjálfva innan Hjallastefnunnar.

Tækifæri til umbóta:

- Endurskoða skólanámskrá og gæta þess að hún sé í fullu samræmi við aðalnámskrá grunnskóla, lög og reglugerðir.
- Uppfæra starfsáætlun í samræmið við ákvæði í aðalnámskrá grunnskóla, lögum og reglugerðum og gæta þess að allar upplýsingar sem þar koma fram séu réttar.
- Gæta þess að samráð sé haft við alla hagsmunaaðila við stefnumótun og endurskoðun stefnu og skólanámskrár.
- Skrá samstarf við aðra grunnskóla.
- Virkja skólaráð betur í stefnumótun.

- Skólaráð ætti að setja sér starfsreglur og vinnureglur og halda árlega opinn fund fyrir skólasamfélagið.
- Skrá framganga þróunarverkefna.
- Hagsmunaaðilar skólasamfélagsins; nemendur, foreldrar og starfsmenn, komi að endurskoðun skólareglna/meginreglna.
- Stjórnendur fylgist markvisst og formlega með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf.
- Huga að því í samráði við börnin hvort auka þurfi matarskammtinn í hádeginu.

## Nám og kennsla

### Styrkleikar:

- Grunnþáttum menntunar og lykilhæfni eru gerð góð skil í skólanámskrá.
- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum einstaklinga.
- Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur er fjölbreyttur og skipulagður með rökstuddum einstaklingsnámskrám og fer að jafnaði fram í námsumhverfi hópsins.
- Reglulega er fylgst með árangri og framförum hvers nemenda og nemendahópa og hann skráður.
- Unnið er með niðurstöður námsmats til að auka framfarir nemenda.
- Árangur nemenda í samræmdum könnunarprófum í stærðfræði hefur undanfarin ár verið nokkuð yfir landsmeðaltali.
- Leskraði nemenda í Lesfimiþrófum er almennt yfir meðalleshraða annarra nemenda sem metnir eru og vel yfir í yngstu tveimur árgöngum.
- Á vettvangi sáust fjölbreyttir kennsluhættir og stefna skólans um kennsluhætti var sýnileg.
- Kennslufræðileg hæfni kennara var sýnileg á vettvangi.
- Námsmat er fjölbreytt, tekur mið af kennsluháttum og tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum.
- Í einstaklingsnámskrám sést hvernig tilhögun stuðnings við einstaka nemendur er háttað.
- Séð er til þess að bráðgerir nemendur fái námstækifæri við hæfi.
- Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms og kennslu.
- Umræður og skoðanaskipti eru markviss hluti af námi og kennslu.
- Umsjónarkennarar veita foreldrum og nemendum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara.
- Vikuáætlanir eru sendar heim til foreldra í hverri viku þar sem fram koma markmið vikunnar í íslensku, stærðfræði og vinnu samkvæmt kynjanámskrá.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu svo til fyrirmyndar er.
- Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.

### Tækifæri til umbóta:

- Í námsvísun/námskrám hópa, sem kallst kjarnanámskrár í skólanum, ættu að koma fram upplýsingar um viðfangsefni, kennsluaðferðir, námsgögn, námsmat og námsaðlögun ásamt hæfniviðmiðum fyrir allar námsgreinar. Þessar námskrár eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu.
- Tilgreina markmið allra námsgreina í kennsluáætlunum.

- Gæta að því að námstími nemenda sé vel nýttur í löngum lotum, sérstaklega þegar líður á daginn.
- Setja fram í skólanámskrá hvernig viðmiðunarstundaskrá er framfylgt í íþóttum. Tengja þarf jógakennsluna markvisst við kaflann um íþróttir í aðalnámskrá, setja fram markmið og hæfniviðmið.
- Setja fram í skólanámskrá hvernig viðmiðunarstundaskrá er framfylgt í list- og verkgreinum sem kenndar eru í smiðjum.
- Gera þarf ráð fyrir þeim tíma sem fer í akstur í íþróttir og göngu í sund í stundaskrá og gæta þess að námstími nemenda skerðist ekki, hvorki í íþróttum né öðrum greinum.
- Nýta spjaldtölvur/upplýsingatækni betur í námi nemenda.
- Gæta þess að nemendur hafi aðgang að fjölbreyttum bókum og námsgögnum og nýti þau.
- Vinna áfram í að taka saman námsefni í stærðfræði og öðrum fögum og gera aðgengilegra fyrir kennara.

## Innra mat

### Styrkleikar:

- Reglulega fer fram mat á námi, framförum og árangri nemenda.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Kannanir eru lagðar fyrir starfsfólk og foreldra árlega.
- Greinargerðir um innra mat eru unnar árlega.
- Niðurstöður innra mats eru formlega kynntar hagsmunaaðilum.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.

### Tækifæri til umbóta:

- Æskilegt væri að matsteymi, með fulltrúum allra hagsmunaaðila, sæi um skipulag og framkvæmd innra mats.
- Vinna þarf nákvæma áætlun um innra mat fyrir skólaárið út frá raunhæfri og virkri langtímaáætlun.
- Velja matsþætti úr frá stefnu, markmiðum og helstu viðfangsefnum.
- Markvisst þarf að meta markmið skólans og setja viðmið um árangur.
- Byggja innra matið upp á fjölbreyttri gagnaöflun, eigindlegri og megindlegri.
- Meta kennslu og fagmennsku kennara formlega.
- Setja niðurstöður á mati á námi, framförum og árangri nemenda fram í matsskýrslu.
- Greina niðurstöður innra mats í styrkleika og tækifæri til umbóta og setja fram í matsskýrslu.
- Vinna þarf umbótaáætlun út frá tækifærum til umbóta á þann hátt sem lagður hefur verið grunnur að í nýjustu matsskýrslu skólans.
- Endurskoða matsskýrslu, stytta og taka út úreltar og óþarfa upplýsingar.

## Skólaprófill

Ný og endurskoðuð matsviðmið hafa verið tekin í notkun við ytra mat á grunnskólum. Markmið endurskoðunarinnar var meðal annars að skerpa á kröfum og láta matið ná betur til faglegs leiðtogahlutverks skólastjóra, auka vægi lærdómssamfélagsins og skerpa á árangurskröfum.

Meginkaflar í matinu eru áfram stjórnun og fagleg forysta, nám og kennsla og innra mat. Undirköflum sem mynda litaprófil skóla hefur fækkað úr 23 í 16. Einnig hefur litaskala verið breytt. Prófilar skóla eru ekki samanburðarhæfir milli þeirra skóla sem metnir voru á árunum 2013 til hausts 2018. Eftir það tekur nýtt matstæki og nýr litaskali við.

Hafa ber í huga að þær gagnaöflunarleiðir sem stuðst er við, það er viðtöl og vettvangsathuganir, eru þess eðlis að niðurstöðurnar hafa takmarkað alhæfingargildi en gefa fjölbreyttar vísbendingar um það starf sem fram fer í skólanum.

Stjórnun og fagleg forysta		Nám og kennsla		Innra mat
Faglegt samstarf og samræða	Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir	Inntak og námskrá	Skipulag náms	Skipulag
Samvirgni í stefnumótun	Starfsmanna-stjórnun og verkaskipting	Árangur náms	Námssvitund	Framkvæmd
Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu	Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna	Gæði kennslu	Ábyrgð og þátttaka	Umbætur
Umbætur og innleiðing breytinga				

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

## Upplýsingar um Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði

Barnaskóli Hjallastefnunnar í Hafnarfirði er einkaskóli rekinn af Hjallastefnunni ehf. Skólinn hóf starfsemi sína haustið 2006 sem útibú frá Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ en varð ári síðar að sjálfstæðum skóla. Barnaskólinn er staðsettur að Hjallabraut 55 í Hafnarfirði og hann sækja nemendur í 1. til 4. bekk. Einkunnarorð skólans eru virðing, jafnrétti og kærleikur.

Í skólanum eru 74 nemendur á vorönn 2019. Fjöldi nemenda eftir bekkjardeildum:

Bekkur	1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.
Fjöldi nemenda	19	20	13	22	Skólinn er ekki með þessar bekkjardeildir.					
Fjöldi bekkjardeilda	2		2							
Samkennsluhópar, ef við á.	Samkennsla í 1. og 2. bekk. Tvær bekkjardeildir, önnur stúlkna, hin drengja.		Samkennsla í 3. og 4. bekk. Tvær bekkjardeildir, önnur stúlkna, hin drengja.							

Starfsmenn skólans eru 12 og þar af eru tveir stjórnendur, skólastjóri og sérkennslustjóri. Kennarar eru átta og þar af er einn leiðbeinandi í 100% starfshlutfalli.

Frístund starfar við skólann sem skólastjóri ber ábyrgð á. Tveir starfsmenn starfa í frístund og eldhúsi.

Sálfræðingur og talmeinafræðingur koma inn í starfið eftir þörfum á verktakagrundvelli.

Sex nemendur eru með einstaklingsnámskrá, enginn nemandi fær kennslu í íslensku sem öðru tungumáli og 26 nemendur eru með aðlagð námsefni og/eða fá sérkennslu.

Engin kennslustund hefur fallið niður á skólaárinu.



## Niðurstöður

### Þáttur 1 – Stjórnun og fagleg forysta

#### 1.1 Samvirkni í stefnumótun

Stjórnendur stuðla að því að unnið er eftir sýn og stefnu Hjallastefnunnar sem lesa má um á heimasíðu skólans og stefnunnar sjálfar. Skólanámskrá er opinber og uppfyllir viðmið aðalnámskrár að nokkru leyti. Þar er meðal annars fjallað um stefnu skólans, kynjanámskrá og grunnþætti menntunar og almennt um kennsluhætti og námsmat. Bent skal á að í skólanámskrá er að finna upplýsingar sem eru ekki í samræmi við núgildandi aðalnámskrá grunnskóla.

Starfsáætlun er birt á heimasíðu og uppfyllir að nokkru leyti viðmið aðalnámskrár. Ýmislegt í áætlunninni þarf að uppfæra. Einnig vantar ýmislegt inn í starfsáætlun eins og viðfangsefni innra mats og rýmingaráætlun. Ársskýrsla er unnin eftir hvert skólaár þar sem farið er almennt yfir starfið.

Stefna skólans er mjög sýnileg í starfsháttum og hún er hún rædd meðal starfsmanna, m. a. á fundum og í daglegu starfi. Í viðtali við skólastjóra kom fram að reglulega er rýnt í stefnuna og framkvæmd hennar, meðal annars á árlegri ráðstefnu hjá Hjallastefnunni. Jafnframt kom fram að starfsfólk kemur ekki að því að móta eða endurskoða stefnuna sjálfa og það sama má segja um aðra hagsmunahópa.

Í viðtölum og rýnihópum kom fram að sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfinu og að stjórnendur leggja áherslu á það jákvæða í starfinu í daglegu tali og frétttaflutningi.

#### 1.2 Faglegt samstarf og samræða

Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum og ígrundun og samræða um starfshætti fer fram reglulega á meðal starfsmanna. Í öllum gögnum kom fram að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur. Starfsmannafundir eru einu sinni í mánuði en auk þess funda kennarateymin vikulega.

Stjórnendur sjá um að niðurstöður ytra námsmats varðandi framfarir nemenda séu skráðar og aðgengilegar viðeigandi aðilum og nýttar til að efla starf skólans. Fram kom hjá skólastjóra að leiðtogar eru settir yfir ákveðin verkefni og þannig stuðlað að valdeflingu og valddreifingu. Þá er horft til styrkleika starfsmanna og til dæmis sér einn kennarinn um greiningu á niðurstöðum ytra námsmats og að koma þeim upplýsingum áfram til réttra aðila.

#### 1.3 Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu

Fram koma í rýnihópi foreldra að samskipti skólans við foreldrafélag og foreldra eru góð og að auðvelt er að leita til stjórnenda og starfsfólks ef á þarf að halda.

Foreldrar í rýnihópi töldu sig vel upplýsta um skólastarfið, foreldraviðtöl eru tvisvar á ári, námskynningar á haustin og kennarar senda foreldrabréf vikulega. Fram kom að lögð er rækt við að segja frá jákvæðum viðburðum eða fréttum.

Nýlega fluttu elstu börn leikskólans Hjalla í sama húsnæði og skólinn og er samstarfið þar á milli mikið og skráð en samstarf við aðra grunnskóla er ekki skráð.

Foreldrafélag skólans er virkt og fundar reglulega. Virkni skólaráðs er minni. Í rýnihópi skólaráðs kom fram að ráðið fundar að vori og ef þurfa þykir þess á milli. Skólaráð hefur ekki sett sér starfsáætlun eða

vinnureglur og ekki haldið opinn fund fyrir skólasamfélagið eins og reglugerð nr. 1157/2008 kveður á um.

#### 1.4 Umbætur og innleiðing breytinga

Skólastjóri sagði í viðtali að hann sé virkur þátttakandi í umbótaverkefnum og kynni yfirleitt slík verkefni en svo taki starfsmannahópurinn saman ákvörðun um innleiðingu.

Gögn eru nýtt til að bæta árangur nemenda samkvæmt skráðu verklagi. Í rýnihópum og viðtölum kom fram að starfsmenn fá ráðgjöf og stuðning frá hver öðrum og stjórnendum um hvernig nýta megi gögnin.

Umbótaáætlun liggur ekki fyrir og framgangur þróunarvinnu er ekki skráður. Símenntunaráætlun er í samræmi við stefnu skólans og þau umbótaverkefni sem unnið er að.

#### 1.5 Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir

Nemendur fá tilskilinn kennsludagafjölda sem og vikulegan heildarkennslustundafjölda samkvæmt viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár.

Helstu upplýsingar um skólastarfið eru aðgengilegar á heimasíðu en töluvert er þó um úreltar upplýsingar í þeim skjölum sem þar er að finna. Að sögn skólastjóra er nú unnið að gerð nýrrar heimasíðu.

Skólinn leggur árlega fyrir kannanir til foreldra og starfsmanna og sýna niðurstöður þeirra jákvætt viðhorf til stjórnenda. Í viðtölum og rýnihópum kom fram að starfsfólk er sátt við hvernig daglegt starf er skipulagt.

Í starfsáætlun er fjallað almennt um skólareglur þar sem lögð er áhersla á virðingu og háttvísi og virðist þessi umfjöllun eiga við kjarnareglur sem settar eru í samstarfi við börnin. Í Hjallastefnuskólum er unnið eftir því sem kallað er „meginreglur“ sem snúa meðal annars að börnum og foreldum, starfsmönnum og samfélaginu. Í þeim er meðal annars fjallað um samskipti, framkomu og aga. Í umfjöllun um skólareglur í starfsáætlun er almennt fjallað um viðurlög en skólastjóri segir það í mótsögn við stefnu skólans að vera með viðurlög inni í skólareglunum. Fram kom í rýnihópi kennara að meira væri unnið út frá kjarnareglum og kynjanámskrá en skólareglum. Hagsmunaaðilar skólasamfélagsins koma ekki að endurskoðun skólareglna.

#### 1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting

Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti meðal allra aðila skólasamfélagsins. Stjórnendur skipta með sér verkum og vinna náið saman.

Stjórnendur fylgjast með með starfinu á kjörnum og leiðbeina eftir þörfum en þó ekki formlega. Í rýnihópum og viðtölum kom fram að rík áhersla er lögð á að allir vinni lausnamiðað.

Kennslu er skipað niður með tilliti til menntunar og sérhæfingar kennara og litið er til stykleika hvers og eins. Starfsmenn og kennarar í rýnihópi sögðust fá bæði hrós og leiðbeiningar frá hver öðrum og stjórnendum. Í rýnihópum kom fram að starfsþróunarviðtöl eru einu sinni á ári.

## 1.7 Leiðtogahæfni stjórnenda og starfsmanna

Stjórnendur dreifa ábyrgð og markvisst er leitast við að styrkja leiðtogahæfni starfsmanna og fela þeim ábyrgð á að leiða verkefni. Í rýnihópum kennara og starfsmanna kom fram að starfsmenn upplifa að þeim sé treyst fyrir verkefnum.

Innan Hjallastefnunnar geta stjórnendur leitað til markþjálfra um handleiðslu og skólastjóri segist nýta sér það. Starfsfólk hefur aðgang að sálfræðingi skólans að sögn skólastjóra.

Hjá stjórnendum kom fram að unnið er að markvissri stefnu um næringu og heilsuefingu starfsmanna hjá Hjallastefnunni. Nemendur fá morgunmat að morgni og hádegismatur er borðaður inni á kjörnum með kennurum. Þegar nemendur í rýnihópi voru spurð um helstu tækifæri til umbóta kom fram að maturinn mætti stundum vera meiri, fyrir kæmi að ekki væri til nóg.

Styrkleikar:

- Stjórnendur stuðla að því að unnið er eftir sýn og stefnu skólans.
- Stefna skólans er mjög sýnileg í starfsháttum og hún er rædd meðal allra starfsmanna.
- Sérstöðu skólans er haldið á lofti í skólastarfinu.
- Stjórnendur leggja áherslu á það jákvæða í skólastarfinu í daglegu tali og fréttáflutningi.
- Ársskýrsla er unnin þar sem farið er yfir skólaárið.
- Lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið í skólanum.
- Ígrundun og samræða um starfshætti fer fram reglulega á meðal starfsmanna.
- Starfsmenn finna að litið er á starfsmannahópinn sem liðsheild þar sem hver og einn er mikilvægur.
- Stjórnendur sjá um að niðurstöður ytra mats varðandi framfarir nemenda séu skráðar og aðgengilegar viðeigandi aðilum og nýttar til að efla starf skólans.
- Samskipti við foreldra og foreldrafélag eru góð og gagnvirk.
- Reglulega er efnt til formlegra og óformlegra funda með foreldrum.
- Foreldrar í rýnihópi töldu sig vel upplýsta um skólastarfið.
- Reglulegar kannanir til foreldra og starfsmanna sýna jákvætt viðhorf til stjórnenda.
- Stjórnendur vinna vel saman og miðla upplýsingum sína á milli.
- Starfsþróunarviðtöl eru einu sinni á ári og í rýnihópum kom fram að starfsmenn fá hrós þegar við á.
- Stjórnendur eru vakandi um samskipti og hafa frumkvæði að lausn ágreiningsmála.
- Kennslu er skipað niður eins og hægt er með tilliti til menntunar og sérhæfingar kennara og horft er til styrkleika hvers og eins varðandi ábyrgð á verkefnum.
- Mannauður er vel nýttur og leiðtogar innan skólans leiða og bera ábyrgð á verkefnum sem snúa að skólastarfinu.
- Starfsmenn í rýnihópum upplifa að þeim sé treyst fyrir verkefnum.
- Stjórnendur eiga kost á handleiðslu hjá markþjálfra innan Hjallastefnunnar.

Tækifæri til umbóta:

- Endurskoða skólanámskrá og gæta þess að hún sé í fullu samræmi við aðalnámskrá grunnskóla, lög og reglugerðir.

- Uppfæra starfsáætlun eftir aðalnámskrá grunnskóla, lögum og reglugerðum og gæta þess að allar upplýsingar sem þar koma fram séu réttar.
- Gæta þess að samráð sé haft við alla hagsmunaaðila við stefnumótun og endurskoðun stefnu og skólanámskrár.
- Skrá samstarf við aðra grunnskóla.
- Virkja skólaráráð betur í stefnumótun, ráðið ætti að setja sér starfsreglur og vinnureglur og halda opinn fund fyrir skólasamfélagið samkvæmt reglugerð.
- Skrá framgangna þróunarverkefna.
- Hagsmunaaðila skólasamfélagsins; nemendur, foreldrar og starfsmenn, komi að endurskoðun skólareglna/meginreglna.
- Stjórnendur fylgist markvisst og formlega með námi og kennslu og veita kennurum endurgjöf.
- Huga að því í samráði við börnin hvort auka þurfi matarskammtinn í hádeginu.

## Þáttur 2 – Nám og kennsla

### 2.1 Inntak og námskrá

Menntastefna stjórnvalda endurspeglar almennt í skipulagi og störfum og borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum einstaklinga. Grunnþáttum menntunar eru gerð góð skil í skólanámskrá og einnig hvernig unnið er að því að efla lykilhæfni nemenda. Námsvísar/kjarnanámskrár eru í skólanámskrá á heimasíðu en matsmenn fengu senda aðra útgáfu af þeim. Námsvísar gefa ekki nægjanlegar upplýsingar þannig að yfirsýn fáiast yfir viðfangsefni, kennsluaðferðir, námsgögn og námsmat. Ekki kemur heldur fram hvernig námsaðlögun er háttáð í hverri námsgrein fyrir sig eða viðfangsefni.


Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu. Stuðningur fer að jafnaði fram innan námsumhverfis nemenda en einnig í sérrými þegar við á. Hjá sérkennslustjóra kom fram að stuðningur við einstaka nemendur er skipulagður með rökstuddri einstaklingsnámskrá með aðkomu foreldra.

### 2.2. Árangur náms

Kennslan byggir á þeirri stefnu að allir nemendur geti tekið framförum með viðeigandi náms- og kennsluaðferðum. Markvisst er fylgst með árangri nemenda og nemendahópa með könnunum og skimunum og brugðist er við þörfum þeirra með það að markmiði að bæta árangur.

#### *Samræmd könnunarpróf*

Einn einkunnakvarðinn sem notaður er við úrvinnslu samræmdra könnunarprófa (SKP) í grunnskólum landsins byggir á aðlögun stigadreifingar að normaldreifingu. Þessi einkunnakvarði hefur alltaf sama meðaltal og staðalfrávik frá ári til árs og því er hægt að bera saman frammistöðu milli ára og jafnvel milli námsgreina. Kvarðinn nær frá 0 upp í 60, meðaltalið er 30.



Árangur nemenda 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum í íslensku jókst nokkuð á árunum 2016-2017 og mældist nokkuð yfir landsmeðaltali. Við síðustu mælingu 2018 dalaði hins vegar árangurinn og mældist rétt við meðaltal. Árangur í stærðfræði jókst einnig nokkuð 2016 en hefur dalað lítillega eftir það en mældist enn talsvert yfir landsmeðaltali við síðustu mælingu 2018.

### Lesferill

Skólinn nýtir Lesferil við mat á lesfimi nemenda. Leshraði nemenda er almennt yfir meðalleshraða annarra nemenda sem metnir eru og vel yfir í yngstu tveimur árgöngum.


### 2.3 Gæði kennslu

Störf kennara endurspegla stefnu og markmið skólans um kennsluhætti og sjá mátti í vettvangsathugunum að kennarar sýna fagmennsku við kennslu og bekkjarstjórn.

Matsmenn fylgdust með í 16 kennslustundum, sé miðað við 40 mínútna kennslustundir, hjá öllum föstum kennurum og í öllum kjörnum.

Langflestar kennslustundir voru metnar góðar og fjölbreyttir kennsluhættir sáust á vettvangi. Skipulag kennslu og verkefna var nokkuð gott en þó bar á því að tíminn í lotunum, sem eru langar, væri ekki nógu vel nýttur og í einstaka tímum hefði þurft að grípa fyrir inn í til að halda nemendum betur við efnið. Í vettvangsathugun var mismunandi hvort kennarar gerðu nemendum grein fyrir markmiðum náms og kennslustunda. Í rýnihópi kennara og nemenda kom fram að eldri nemendur fá að einhverju leyti þjálfun í að setja sér markmið.

Á súluriti um kennsluathafnir má sjá að flestir kennslustundir sem matsmenn fylgdust með flokkuðust sem blanda af fræðandi og leiðbeinandi kennsluathöfnum eða 44%. Fræðandi kennslustundir voru 38% og leiðbeinandi stundir 19%.



Í öllum kennslurýmum mátti finna kennsluáætlanir uppi á vegg. Í þeim voru helstu viðfangsefni tilgreind og markmið vikunnar í íslensku, stærðfræði og vinnu samkvæmt kynjanámskrá. Markmið í öðrum greinum voru ekki tilgreind.

Fram kom í viðtölum og rýnihópum að námsmat er fjölbreytt og tekur mið af kennsluháttum, námsmarkmiðum og hæfniviðmiðum. Einnig kom fram að bráðgerir nemendur fá námstækifæri við hæfi. Þar sem kennsla er ekki mjög bókamiðuð að sögn kennara í rýnihópi, kom fram að gera mætti enn betur í að taka saman námsefni í stærðfræði og öðrum fögum og gera aðgengilegra fyrir kennara.

#### 2.4 Skipulag náms


Kennarar vinna saman að skipulagi náms og kennslu innan hvers kjarna. Skipulag náms gerir ráð fyrir aðstæðum til sjálfstæðs náms og samvinnu nemenda í námi. Kennt er í tveimur löngum lotum með 60 mínútna vali á milli.

Á vettvangi sást að námsumhverfið er frekar fábreytt. Hver kjarni hefur tvær stofur til umráða þar sem er krókur með mottu, borð og bekkir ásamt stólum. Nemendur hafa val um hvernig þeir koma sér fyrir við vinnu. Námsbækur, lestrarbækur eða fræðibækur voru ekki mjög sýnilegar og sáust helst í lestrarstund. Notkun fjölbreyttra námsgagna var heldur ekki mjög sýnileg í vettvangsathugunum. Verkefni nemenda voru ekki áberandi í stofum eða annarsstaðar í skólanum. Nemendaverk eru þó hengd upp til sýnis á meðan verið er að vinna tímabundin verkefni, síðan eru þau tekin niður og að sögn kennara er það stefna og verklag skólans. Á veggjum í stofum mátti yfirleitt sjá yfirlit yfir skiptingu á starfsdegi nemenda, vikuáætlanir og hópaskiptingu.

Hlúð er að sköpunarþörf nemenda og nýlega er búið að koma upp listasmiðju fyrir listgreinakennslu. Að sögn kennara er upplýsinga- og samskiptatækni notuð af nemendum til að afla sér þekkingar og hafa elstu börnin hvert sína spjaldtölvu til umráða. Þá daga sem matsmenn voru á vettvangi voru spjaldtölvur einungis notaðar í einum sérkennslutíma.

Það kom skýrt fram í rýnihópaviðtali við foreldra að vel er hugað að líðan og framförum í námi nemenda og foreldrar sögðust vera í mjög góðum samskiptum við kennara og stjórnendur. Öll samskipti að þeirra mati bera vott um virðingu og foreldrum finnst fljótt og vel tekið á málum.

Á súluritinu hér að neðan má sjá hvernig vinnu nemenda var háttað í þeim tímum sem matsaðilar mátu þá daga sem matið fór fram. Í 56% tilfella var um blöndu af einstaklingsvinnu og samvinnu að ræða. Eingöngu samvinna sást í 13% tilfella og í 31 % tilfella var um einstaklingsvinnu að ræða.



List- og verkgreinakennsla fer fram í smiðjum og sáu matsmenn tíma í leiklist, myndmennt og vísindum hjá elstu börnunum. Stundaskrá er á formi dagsskipulags sem er mjög opið en foreldrar fá sendar heim vikuáætlanir þar sem fram kemur hvað unnið er með og hvenær. Ekki er tilgreint í námskrám hvernig skólinn uppfyllir viðmiðunarstundaskrá aðalnámskrár fyrir þær námsgreinar sem kenndar eru í smiðjuformi en skólastjóri sagði í viðtali að henni sé fylgt.

Íþróttakennsluástaða er góð en nokkuð langt frá skólanum og þurfa nemendur að fara í rútu á milli staða og á vettvangi sást að íþróttatími nemenda var skertur fyrir vikið. Nemendur eru með tvo tíma á stundaskrá á viku í íþróttum, einn 60 mínútna tíma í íþróttum og 40 mínútur í sundi. Fram kom hjá skólastjóra að nemendur fá einnig 50 mínútur á viku á vorönn í jóga og segir skólastjóri að þannig uppfylli skólinn viðmiðunarstundaskrá í íþróttum.

## 2.5 Námsvitund

Nemendur fá þjálfun og eru hvattir til að taka frumkvæði og bera ábyrgð á eigin námi og framkomu. Á vettvangi sást að nemendur sýndu námi sínu áhuga, þeir voru almennt virkir í kennslustundum og sýndu samnemendum og kennurum virðingu. Á vettvangi sást að það var mismunandi hvort markmið kennslustunda voru kynnt fyrir nemendum en markmið vikunnar voru sýnileg á vikuáætlunum í öllum stofum. Fram kom bæði hjá nemendum og kennurum í rýnihópum að eldri nemendum skólans er kennt að setja sér námsmarkmið. Nemendur í rýnihópi vissu um og ræddu reglur um samskipti og þekktu einkunnarorð sem unnið er með í vikulotum, en þau koma úr kynjanámskrá skólans. Umhyggja var

einkunnarorð vikulotunnar þegar matið fór fram og var eftirtektarvert hversu vel var staðið að ýmsum verkefnum því tengdu.

## 2.6 Ábyrgð og þátttaka

Starfsfólk og nemendur koma vel fram og taka tillit til annarra. Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu og eru metin til fyrirmyndar. Á vettvangi og í rýnihópi nemenda mátti sjá að samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins. Nemendur hafa reglulega tækifæri til að ræða málefni sín með samnemendum og í rýnihópnum kom fram að nemendum finnst þeir geta haft áhrif. Nemendaráð er í skólanum og eru þátttakendur í því allir nemendur í 4. bekk sem vilja taka þátt. Nemendaráð fundar reglulega með umsjónarkennara og þar er verið að þjálfva nemendur í að koma skoðunum sínum á framfæri og vinna að ýmsum viðburðum í skólastarfinu.

Styrkleikar:

- Grunnþáttum menntunar og lykilhæfni er gerð góð skil í skólanámskrá.
- Borin er virðing fyrir fjölbreytileika og mismunandi þörfum einstaklinga.
- Sérstakur stuðningur við einstaka nemendur er fjölbreyttur og skipulagður með rökstuddum einstaklingsnámskrám og fer að jafnaði fram í námsumhverfi hópsins.
- Reglulega er fylgst með árangri og framförum hvers nemenda og nemendahópa og hann skráður.
- Unnið er með niðurstöður námsmats til að auka framfarir nemenda.
- Árangur nemenda í samræmdum könnunarprófum í stærðfræði hefur undanfarin ár verið nokkuð yfir landsmeðaltali.
- Leshraði nemenda í Lesfímiprófum er almennt yfir meðalleshraða annarra nemenda sem metnir eru og vel yfir í yngstu tveimur árgöngum.
- Á vettvangi sáust fjölbreyttir kennsluhættir og stefna skólans um kennsluhætti var sýnileg.
- Kennslufræðileg hæfni kennara var sýnileg á vettvangi.
- Námsmat er fjölbreytt, tekur mið af kennsluháttum og tengist markmiðum náms og hæfniviðmiðum.
- Í einstaklingsnámskrám sést hvernig tilhögun stuðnings við einstaka nemendur er háttað.
- Séð er til þess að bráðgerir nemendur fái námstækifæri við hæfi.
- Kennarar bera sameiginlega ábyrgð á skipulagi náms og kennslu.
- Umræður og skoðanaskipti eru markviss hluti af námi og kennslu.
- Umsjónarkennarar veita foreldrum og nemendum reglulega upplýsingar um stöðu náms og framfara.
- Vikuáætlanir eru sendar heim til foreldra í hverri viku þar sem fram koma markmið vikunnar í íslensku, stærðfræði og vinnu samkvæmt kynjanámskrá.
- Samskipti í skólasamfélaginu eru jákvæð og einkennast af virðingu svo til fyrirmyndar er.
- Samvinna og stuðningur ríkir innan nemendahópsins.

Tækifæri til umbóta:

- Í námsvísun/námskrám hópa, sem kallst kjarnanámskrár í skólanum, ættu að koma fram upplýsingar um viðfangsefni, kennsluaðferðir, námsgögn, námsmat og námsaðlögun ásamt



hæfniviðmiðum fyrir allar námsgreinar. Þessar námskrár eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu.

- Tilgreina markmið allra námsgreina í kennsluáætlunum.
- Gæta að því að námstími nemenda sé vel nýttur í löngum lotum, sérstaklega þegar líður á daginn.
- Setja fram í skólanámskrá hvernig viðmiðunarstundaskrá er framfylgt í íþóttum. Tengja þarf jógakennsluna markvisst við kaflann um íþróttir í aðalnámskrá, setja fram markmið og hæfniviðmið.
- Setja fram í skólanámskrá hvernig viðmiðunarstundaskrá er framfylgt í list- og verkgreinum sem kenndar eru í smiðjum.
- Gera þarf ráð fyrir þeim tíma sem fer í akstur í íþróttir og göngu í sund í stundaskrá og gæta þess að námstími nemenda skerðist ekki, hvorki í íþróttum né öðrum greinum.
- Nýta spjaldtölvur/upplýsingatækni betur í námi nemenda.
- Gæta þess að nemendur hafi aðgang að fjölbreyttum bókum og námsgögnum og nýti þau.
- Vinna áfram í að taka saman námsefni í stærðfræði og öðrum fögum og gera aðgengilegra fyrir kennara.

## Þáttur 3 – Innra mat

### 3.1 Skipulag

Litið er á framkvæmd innra mats og umbætur sem mikilvægan þátt í skólasterfinu. Fjallað er um helstu leiðir í innra mati í sjálfsmatsskýrslu en ekki í skólanámskrá eða starfsáætlun. Mat á námi, framförum og árangri nemenda fer fram reglulega en hefur þó ekki verið sett fram í skýrslu um innra mat. Mat á kennslu og fagmennsku kennara er að mestu óformlegt og markmið hafa ekki verið metin markvisst. Í skýrslu um innra mat má finna áætlun til lengri tíma en ekki virðist þó unnið eftir þeirri áætlun nema að hluta. Matsáætlun fyrir skólaárið liggur ekki fyrir.

### 3.2 Framkvæmd

Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda en ekkert matsteymi starfar við skólann. Innra mat skólans byggist fyrst og fremst á könnunum sem lagðar eru fyrir starfsmenn og foreldra á hverju ári. Skólastjóri sagði í viðtali að starfsþróunarviðtöl séu einnig nýtt til gagnaöflunar í innra mati.

### 3.3 Umbætur

Skýrslur um innra mat eru unnar árlega og eru opinberar á heimasíðu skólans. Í skýrslunum er mikið af upplýsingum sem betur ættu heima annars staðar, t.d. í starfsáætlun eða skólanámskrá. Einnig eru þar upplýsingar sem ertu teknar beint upp úr ýmsum leiðbeiningarbæklingum um innra mat og allt gerir þetta skýrsluna óþarflega langa. Í skýrslunum er ennfremur talað um sjálfsmat í stað innra mats og vísað í gamla bæklinga sem ekki eru lengur í gildi.

Umbótaáætlun hefur ekki verið unnin en að sögn stjórnenda er nú unnið að því að uppfæra innra matið. Niðurstöður kannana eru kynntar starfsfólki og foreldum og þegar þær liggja fyrir eiga sér stað samræður innan starfsmannahópsins um þróun og umbætur. Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf. Umbætur sem rekja má til innra mats voru nefndar í viðtölum við stjórnendur.

Styrkleikar:

- Reglulega fer fram mat á námi, framförum og árangri nemenda.
- Framkvæmd innra mats er á ábyrgð stjórnenda.
- Kannanir eru lagðar fyrir starfsfólk og foreldra árlega.
- Greinargerðir um innra mat eru unnar árlega.
- Niðurstöður innra mats eru formlega kynnta hagsmunaaðilum.
- Brugðist er við niðurstöðum sem gefa til kynna að umbóta sé þörf.

Tækifæri til umbóta:

- Æskilegt væri að matsteymi, með fulltrúum allra hagsmunaaðila, sæi um skipulag og framkvæmd innra mats.
- Vinna þarf nákvæma áætlun um innra mat fyrir skólaárið út frá raunhæfri og virkri langtímaáætlun.
- Velja matsþætti úr frá stefnu, markmiðum og helstu viðfangsefnum.
- Markvisst þarf að meta markmið skólans og setja viðmið um árangur.
- Byggja innra matið upp á fjölbreyttri gagnaöflun, eigindlegri og megindlegri.

- Meta kennslu og fagmennsku kennara formlega.
- Setja niðurstöður á mati á námi, framförum og árangri nemenda fram í matsskýrslu.
- Greina niðurstöður úr innra mati í styrkleika og tækifæri til umbóta og setja fram í matsskýrslu.
- Vinna þarf umbótaáætlun út frá tækifærum til umbóta á þann hátt sem lagður hefur verið grunnur að í nýjustu matsskýrslu skólans.
- Endurskoða matsskýrslu, stytta og taka út úrehtar og óþarfa upplýsingar.